

Ed. 1020. Frumvarp til laga

um aðstoð til vatnsveitna.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkissjóður veitir sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð til að koma upp vatnsveitum, sem gerðar eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, og skal sveitarstjórn þá, að loknum undirbúningi eins og fyrir er mælt í 28. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til að tryggja almenningshagsmuni.

3. gr.

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til vatnsveitugerðar, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón vegamálastjóra eða annars manns, sem ráðherra samþykkir.

4. gr.

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó ekki meir en helmingi kostnaðar þessa.

Styrkur skal því aðeins veittur, að fyrirsjáanlegt sé, að sveitarfélag geti ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofn- og rekstrarkostnaði veitunnar.

Ráðherra ákveður styrk til einstakra vatnsveitna samkv. lögum þessum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn tryggingum, er hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu samkv. 2. og 3. gr. þessara laga. Má ábyrgðin og styrkur samkv. 4. gr. þó aldrei fara sameiginlega yfir 85% af stofnkostnaði allrar veitunnar.

6. gr.

Þau sveitarfélög, sem þegar hafa hafizt handa um að koma upp vatnsveitu eða hafa eignast hana eftir 1942 og megna ekki fjárhagslega að standa undir stofnkostnaði, geta einnig notið sams konar fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr. þessara laga, enda uppfylli þau fyrirmæli laganna, eftir því sem við á.

7. gr.

Nú óskar sveitarfélag að kaupa vatnsveitu einstaklinga eða félaga, sem fyrir kann að vera á veitusvæði þess, og vill fá til þess fjárhagsaðstoð ríkissjóðs. Skal sveitarstjórnin þá senda ráðherra um það beiðni, ásamt frumdráttum að mannvirkjum. Beiðninni fylgi einnig upplýsingar um sammingsverð eða matsverð dómkvaddra manna. Samþykki ráðherra kaupin, nýtur sveitarfélagið sama réttar til fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr., enda uppfylli það fyrirmæli laganna, eftir því sem við á.

Náist ekki samkomulag við eigendur um sölu veitunnar, er heimilt að taka hana eignarnámi.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum, er vatnsins njóta. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, og einnig má ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna.

Sveitarstjórn er og heimilt að selja vatnið eftir mæli skv. gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. Slika gjaldskrá má setja um einstök hús eða einstakar atvinnustöðvar, eða hús og stöðvar nánar tilgreint eftir notkun, eða um vatnssölu á nánar skilgreindu svæði innan kaupsinsins eða kaupstaðarins. Einnig er heimilt að krefjast endurgjalds fyrir vatnið að nokkru með vatnsskatti og að nokkru skv. vatnsmæli eftir reglum, sem ráðherra setur.

Sérstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupsinsins eða kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjald-daga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta ákvæði laganna ná einnig til vatnsveitufélaga, sem stofnuð eru af a. m. k. helmingi íbúðarhúsaeigenda á veitusvæðinu og hafa eftir árið 1942 gert eða gera vatnsveitur fyrir hluta úr sveitarfélögum, án þess að sveitarfélag sé eigandi veitunnar, enda mæli hlutaðeigandi sveitarstjórn með því og veiti ábyrgð sveitarfélagsins fyrir láni ríkissjóðs til vatnsveitufélagsins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 22. gr. laga nr. 15 20. júní 1923 og lög nr. 129 9. des. 1941. Enn fremur eru úr gildi felld lög nr. 84 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík, og gilda um þá vatnsveitu ákvæði vatn-laganna og þessara laga.